

Dalalæðan

1. tbl. 39. árg. 16. janúar 2026



AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í Reykjadal
fimmtudaginn 26. febrúar klukkan 20:00

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun félagsgjalds.
6. Kosning stjórnar.
7. Önnur mál

Stjórn Víghóls

ANNÁLL STJÓRNAR 2025

Í ár fagnar Vígihóll, hagsmunasamtök íbúa í Mosfellsdal, 40 ára afmæli en stofnfundur var haldinn þann 15. nóvember 1986 og fyrsta tbl. Dalalæðunnar kom út í byrjun árs 1987.

Þetta er merkur áfangi og tilvalið fyrir okkur íbúa að staldra við og velta fyrir okkur framtíð félagsins. Hvernig sjáum við að það styðji við samfélagið okkar, hverju viljum við áorka eða breyta? Einnig má velta fyrir sér hvort við viljum yfir höfuð halda félaginu gangandi? Til þess að félagið verði áfram virkt þarf sterka aðkomu íbúa með hugmyndir, samtakamátt og framtakssemi. Þannig náum við að halda verkefnum lifandi, árangri í uppbyggingu og að efla samfélagið. Félagið er félagsfólk þess og með þátttöku þeirra næst árangur.

Það er hlutverk stjórnar að halda utan um félagið og styðja til góðra verka. Líftími stjórnar er ekki langur. Það þarf yfirleitt tvo nýliða í stjórn á hverju ári til tveggja ára í senn. Það er samfélagsverkefni að halda félagi gangandi og ekki alltaf auðvelt að fá fólk til stjórnarstarfa í sjálfbodastarfi. Það ætti í raun allt félagsfólk að

stíga inn í eitt skipti og láta að sér kveða. Er komið að þér? Vilt þú kynnast samfélaginu okkar betur og vinna með okkur í stjórn? Ertu með hugmyndir eða viltu vera stuðningur við félagið? Áhugasamir sendið á vigholl@mosfellsdalur.is í síðasta lagi viku fyrir aðalfund sem verður haldinn í Reykjadal 26. febrúar 2026. Óskað er eftir að fá þrjá nýja aðila í stjórn. Allir geta eitthvað, enginn getur allt!

Það hefur verið gefandi og skemmtilegt að vera í stjórn Vígihóls á liðnu ári sér í lagi með virkt og öflugt félagsfólk. Ánægjulegt er hversu margir Dalbúar hafa tekið virkan þátt í viðburðum á vegum félagsins. Þeir sýndu samtakamátt sinn í uppbyggingu á útivistarreitnum Balanum en þar voru haldnir þrír viðburðir auk áramótavardelds og flaggað var eftir bestu getu.

Skógræktin var að vanda með ómótstæðilegt jólatréstillboð til Dalbúa þann 21. desember í Æsustaðafjalli. Metaðsókn var þetta árið auk þess sem fulltrúar Vígihóls buðu upp á rjúkandi heitt kakó og smákökur með.

Dalalæðan

1. tbl. 39. árg. 16. janúar 2026

Útgefandi: Íbúasamtökin Vígihóll Mosfellsdal

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Sigríður Rún Kristinsdóttir

Auglýsingar: Vígihóll

Forsíðumynd: Sigríður Rún Kristinsdóttir

Umbrot: Sigríður Rún Kristinsdóttir

Prentun: PIXEL Prentþjónusta

Prófarkalestur: Vígihóll

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

Dalbúar athugið

„Varðeldurinn“ er
eins og alltaf klukkan 20.30
á sama stað og alltaf,
sama dag og alltaf (geymið blaðið)

- Nefndin

ANNÁLL frh.

Fyrsta „þrjónakvöldið“ var haldið á vormánuðum 2025 og urðu þau nokkur. Það var þrjónað í Reykjadal, Balanum og á Vindhóli í boði Sillu. Það eru allskonar hannyrðir uppi á borðum og tilvalið tækifæri að læra af lengra komnum, nú eða bara hreinlega eiga góða samverustund.

Öll útgefin eintök Dalalæðu fyrri ára eru nú aðgengileg á www.mosfellsdalur.is sem og viðburðir framundan.

Ný grenndarstöð var sett upp við Mosfellsveg í sumar og í haust var bætt við skjólgirðinguna til að skýla henni enn frekar frá veginum. Töluvert var um að „notendur“ væru að skilja eftir allt og ömmu sína og var þarna argasti sóðaskapur um tíma. Það hefur nú sem betur fer lagast til muna. Það eru skynjarar í gámunum sem eiga til að bila og því má tilkynna til Sorpu ef gámarnir fyllast eða umgengni er slæm. Munum að umgengni lýsir innri manni.

Félagið óskaði eftir íbúafundi varðandi framtíðarskipulag Dalsins og fyrirhugaðar framkvæmdir á Þingvallavegi. Fulltrúar frá Mosfellsbæ, Vegagerðinni og Mosveitum munu veita upplýsingar og svara fyrirspurnum. Fundurinn verður haldinn á neðri hæð Blik Bistro þann 26. janúar 2026 kl. 17.30.

Að lokum óskum við ykkur öllum gleðilegs nýs árs.

Stjórn Víghóls.

Rakel Baldursdóttir, formaður

Ólafía Bjarnadóttir, gjaldkeri

Hólmfríður Ólafsdóttir, ritari

Helena Jónsdóttir, stjórnarkona

Birta Jóhannesdóttir, stjórnarkona

WWW.MOSFELLSDALUR.IS

 ÍBÚAR Í MOSFELLSDAL

FRÁBÆRT FRAMLAG

Í byrjun nóvember var lagður stígur frá göngubrúnni vestan við Reykjadal, yfir mýrina og móann upp á fast land við Reykjahlíð. Þessi stígsbútur gerir íbúum Reykjadal og okkur hinum fært að komast á milli afleggjara þurrum fótum. Jón Sverrir í Varmadal gaf þrjá bíla af undirefni í stíginn en þeir Þröstur við Suðurá og Gísli í Hveramýri lögðu til tæki og vinnu. Megi þeir fá kærar þakkir fyrir sitt framlag.



Gísli, Jón Sverrir og Þröstur

BÓKAÚTGÁFA

Dalbúinn Bjarki Bjarnason á Hvirfli, gaf út ljósmynda- og ljóðabókina „Myndarleg ljóð“ á síðasta ári. „Í þessari bók teflir Bjarki Bjarnason fram ljósmyndum sínum og ljóðum svo úr verður firnasterk heild.

Flestar ljósmyndirnar eru teknar í íslenskri náttúru og heimspekilegur undirtónninn í ljóðunum er í senn persónulegur og sammannlegur.“

Við óskum Bjarka innilega til hamingju með bókina sína.



Bjarki Bjarnason

MYNDARLEG LJÓÐ

Grenndargámar við Mosfellsveg

Í gulum kassa er salt sem íbúar geta nælt sér í

Látið yita af yfirfullum gámum eða slæmri umgengni á sorpa@sorpa.is

FLOKKUM OG GÖNGUM VEL UM!



UPPLÝSINGAFUNDUR FYRIR ÍBÚA Í MOSFELLSDAL

Fulltrúar frá Mosfellsbæ, Vegagerðinni og Mosveitum munu mæta og kynna:

- Skipulagsmál og áherslur í nýju aðalskipulagi
- Fyrirhugaða framkvæmd þingvallavegar
- Framtíðar lagnatengingar

Hér er kjörið tækifæri fyrir íbúa til að kynna sér skipulag Mosfellsdals til framtíðar
Fundurinn verður haldinn þann 26. janúar nk. Kl 17.30 á **Blik Bistro** (neðri hæð)

HEYST HEFUR ...

✓ að þorrablotið 2025 hafi að mestu farið
ó-ljósmyndað, en vel fram.

✓ að Jóí á Minna-Mosfelli sé fluttur til
Noregs að rækta þörungum.

STÓRAFMÆLI 2026

Eftirtaldir Dalbúar fagna stórafmæli á árinu

90 ára

Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum 2. júní
Puríður Hjaltadóttir, Röðli 27. júlí

80 ára

Anna Steinarsdóttir, Brekkukoti 21. júní
Gísli Snorrason, Brekkukoti 9. október
Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir, Dalsá 31. ágúst

70 ára

Arndís Jóhannsdóttir, Dalsgarði 12. október
Elsa Hákonardóttir, Grund 24. febrúar
Guðrún Indriðadóttir, Víðigerði 8. febrúar
Guðni Elísson, Víðigrund 25. maí
Hafís Heiðarsdóttir, Röðli 10. október
Lilja Eiríksdóttir, Laugabóli 31. ágúst

60 ára

Árni Ingvarsson, Dalsgarði 26. maí
Olgerts Verdins, Lundi 26. apríl
Ólafur Finnbogi Haraldsson, Helgadalsvegi 19. september
Jelena Verdina, Lundi 24. júlí
Jóhanna Hreinsdóttir, Helgadal 6. ágúst
Guðrún Róshildur Kristinsdóttir, Víðibakka 7. september

50 ára

Bjarni Grímsson, Skeggjastöðum 9. mars
Guðmundur Jóhannesson, Skuld 12. maí
Klaidas Gustanis, Tjaldanesi 17. júlí
Marius Pozniakovas, Tjaldanesi 19. desember
Þórhildur Schewing Thorsteinsson, Árvangi 12. ágúst

Dalalæðan óskar þessu góða fólki gæfu og hamingju

HEYRST HEFUR ...

- ✓ að 37 útgefnar Dalalæður hafa verið settar á vefinn www.mosfellsdalur.is ✓ að sæluhúsið á Mosfellsheiði hafi verið vígt sunnudaginn 22. júní.

HAFDÍS HULD BÆJARLISTAMAÐUR 2025

Hafdís Huld Þrastardóttir er bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2025 og tók Dalalæðan púlsinn á þessari skemmtilegu listakonu.

Ferillinn á hundavaði?

Þetta eru orðin rúmlega 30 ár sem ég hef verið starfandi tónlistarkona þannig að það er af nógu að taka. Ég hóf ferilinn með Gus Gus og gerði með þeim tvær plötur og ferðaðist mikið við tónleikahald á unglingsárunum. Um tvítugt flutti ég svo til London og fór að vinna með bresku sveitinni FC Kahuna og gerði til dæmis með þeim lagið Hayiling sem naut mikilla vinsælda. Fór svo í framhaldsnámi við London Centre of Contemporary Music og hef síðan ég útskrifaðist einbeitt mér að sólóferlinum og gefið út 10 plötur í eigin nafni og unnið alls konar áhugaverð verkefni, bæði sem söngkona og höfundur.

Hversvegna Mosfellsdalur?

Ég kynntist Alisdair manninum mínum þegar við vorum í námi og hann gekk til liðs við hljómsveitina mína þegar við útskrifuðumst og við tók tónleikaferðalag um Evrópu. Ég vissi að mig langaði að búa á Ísland í framtíðinni og helst aðeins fyrir utan bæinn og draumurinn hans Alisdairs var alltaf að búa þar sem hann sæi til fjalla, sá draumur rættist heldur betur þegar við komum okkur fyrir í dalnum.

Hvaða listsköpun ert þú stoltust af?

Ég er stolt af því að hafa fylgt eigin sannfæringu þegar kom að fyrstu sólóplötunni minni Dirty Paper Cup. Flestum fannst liggja beint við að ég myndi gera einhverja



Alisdair, Arabella, Hafdís og Elliot

konar danstónlist í framhaldi af því sem ég hafði gert áður, en mig langði að segja sögur og gera lágstemmda plötu, sem ég gerði og setti þannig tóninn fyrir sólóferilinn minn. Svo þykir mér einstaklega vænt um plötuna Vögguvísur, hún kom beint frá hjartanu og það er kannski þess vegna sem svona margir tengja við þá plötu.

Hvað er mikilvægt fyrir listamann að hafa til hliðsjónar í daglegu lífi?

Það fer örugglega mikið eftir því hver listamaðurinn er. Ég er ekki með neina rútínu þegar kemur að listsköpun. Ég er mamma sem þarf að skutla og gera nesti og svoleiðis þannig að það gefst lítil tími til að setja sig í einhverjar stellingar þegar kemur að tónsmíðum. Bestu hugmyndirnar kvikna hvort eð er oftast út frá hversdagsleikanum, þá tek ég niður einhverja

HAFDÍS frh.

punkta og vinn svo hugmyndina áfram þegar tækifæri gefst. Hefði samt verið hressandi svar ef ég gæti t.d. bara samið lög uppi á Víghólnum á fullu tungli!

Við óskum Hafdísinn innilega til hamingju með árangurinn og risastóra þæjarlistamannaverðlaunagripinn.



HÁGÆÐA SMUREFNI



Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3

 Fluid-Fim-á-Íslandi | www.fluidfilm.is

SVEITASÆLAN SUMARNÁMSKEIÐ

Við í Húsdýragarðinum á Hraðastöðum bjóðum krökkum að koma á námskeið og upplifa lífið í sveitinni. Okkar markmið með námskeiðinu er að krakkarnir skemmti sér vel, læra að umgangast dýr og njóti þess að vera í sveitinni.

hradastadir.is/namskeid



ÞORRABLÓT DALBÚA

í Harðarbóli föstudaginn 30. janúar 2026
Verð kr. 13.900.-

ÞAÐ VERÐUR SKO HALDIÐ Í HEFÐIRNAR!

Húsið opnar klukkan 18.30 og borðhald
hefst stundvíslega klukkan 20.00.

Brak og brestir! Geggaður gamall matur!
Happadrætti! Barinn opinn!
Stórvinir okkar í Blek og byttum sjá um
fjórið fram í rauðan dauðann!!

Fyrri partur:
*Í Dalnum drottningar búa.
Sem dýrka sína bændur.*

Hægt er að nálgast miða hjá Birtu
birtajoh@hotmail.com

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Í TÍMA
SVO HÆGT SÉ AÐ KOMA
YKKUR VEL FYRIR.



**Verður þetta nokkuð
síðasta þorrablotið?**

**Auglýst er eftir áhugasömu
fólki í nefndina!**

PRJÓNANDI DALAKONUR

Fyrsta prjónakvöld í Mosfellsdal var haldið 20. mars og var vel mætt, prjónað og skrafað. Síðan þá hafa verið haldin prjónakvöld u.þ.b. einu sinni í mánuði og stefnt er á að halda þessum félagsskap áfram. Þó að hingað til hafi einungis flinkar konur mætt má þess geta að öll kyn eru velkomin og allt handverk leyfilegt.



Þær eru margar hannyrðakonurnar í Dalnum



í Reykjadal í mars



Á Vindhóli í október

HEYRST HEFUR ...

- ✓ að byggja eigi nýja álmu við Reykjadal.
- ✓ að lítil en víðförl kapella verði flutt frá Keflavíkurflugvelli að Hlaðgerðarkoti í náninni framtíð.
- ✓ að minkabúið í Mosfellsdal sé síðasta loðdýrabúið á Íslandi eftir að hinir örfáu minkabændur sem eftir voru gáfust upp. Dalsbúið framleiðir sitt eigið fóður og nær þannig að þreyja þorrann.
- ✓ að Dalbúar kvörtuðu yfir slæmri umgengni á ásunum snemma á árinu. Mosfellsbær lofaði að ganga í málið og er gaman að segja frá því að nú er ruslið skilið eftir í ónýtum bílum á ásunum.
- ✓ að þræðir um týnda og fundna ketti áttu vinninginn í fjölda pósta á facebook síðu Mosfellsdals árið 2025. Lausir hestar fylgdu fast á eftir og spottaðir minkar voru í þriðja sæti.

LIFIR VÍGHÓLL?

F.h. Víghóls, Birta Jóhannesdóttir og Helena Jónsdóttir

Kæru Dalbúar.

Um leið og við óskum ykkur gleðilegs nýs árs langar okkur að varpa hér fram nokkrum þöngum sem hafa sótt að okkur undanfarið.

Það má með sanni segja að félagslíf Dalbúa eigi sér merkilega sögu. Það hlýtur að teljast fátítt að svona fámennnt samfélag hafi stofnað sitt eigið íbúafélag sem hefur verið virkt frá árinu 1986, gefið út sitt eigið ársyfirlit (Dalalæðuna) frá árinu 1987 og haldi sér þorablót og áramótabrennu, svo eitthvað sé upp talið.

Á þorablótum er ný þorablótsnefnd kynnt og á aðalfundi Dalbúa er kosið í stjórn Víghóls. Íbúar bjóða sig fram til ýmissa starfa, t.d. í ritnefnd Dalalæðunnar, uppbyggingu og tiltekt eftir áramótabrennu, að sjá um að halda Balanum okkar snyrtilegum og fleira. Flest viljum við líka hafa gott skipulag og heilbriggt umhverfi og þá þarf fólk til þess að minna stjórnvöld á okkur, annars gerist ekkert. Á bakvið þessi störf liggur vinna, vinna sem fólk þarf að bjóða sig fram í og sinna.



Feðgarnir Gísli og Snorri að hlaða útigrillið í Balanum sl. vor

Tílefni þessara skrifa er sú staðreynd að fáir bjóða sig fram til starfans, erfitt hefur reynst að fá fólk til þess að taka þátt í þessari vinnu almennt og fjölga þar með þeim höndum sem vinna verkin. Sama fólkið hefur því unnið þessi störf undanfarin ár.

Við viljum flest mæta á viðburði og hafa gaman með nágrönnum okkar en til að svo geti orðið þurfa íbúar að gefa kost á sér til starfa. Öðruvísi viðhelst ekki félagslíf.

Við hvetjum ykkur til að taka þetta til umhugsunar, bjóða ykkur fram í þorablótsnefnd, mæta á aðalfundinn og taka þátt í því starfi sem enn er unnið.

Ef ekki, má velta fyrir sér hvort Víghóll lifi áfram.



Kjarnagluggar
GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamóa 9 | s: 893 6001
kjarnagluggar@kjarnagluggar.is | kjarnagluggar.is



Dalsgarður

- við gerum rósir

Blómasala alla daga
kl. 9.00-12.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer
Helena Jónsdóttir rósakona / bloomer
Dalsgarður, 271 Mosfellsbæ, Ísland

Netfang/e-mail: dalsgardur@simnet.is

SUNDABRAUT EÐA JÁRNBRAUT

Á fyrri part síðustu aldar var alvarlega rætt að leggja járnbraut frá Reykjavík og austur í Árnessýslu og átti stæðið m.a. að liggja í gegnum Mosfellsdal. Það má svo sem svekkja sig á því að þessi framkvæmd komst aldrei í gegnum Alþingi og spurning hvort að við værum betur sett ef úr hefði orðið. Þá væru a.m.k. einhverjar almenningssamgöngur í Dalnum ... Grein um málið kom fram í Dalalæðunni 2005, bls. 10. Hægt er að nálgast eldri Dalalæður á www.mosfellsdalur.is



Uppspunnin járnbrautarlest í skáldaðri náttúru

FLAMBERUÐU KLEINURNAR

Hestakvennafélag Mosfellsdals



Rennblautar Flambæðar kleinur og co.

Flamberuðu kleinurnar fóru í eina almennilega kvennareid á síðasta ári. Lagt var af stað frá Reykjahlið og stoppað margoft til að væta kverkar, herða hnakka og sækja sloppin hross. Boðið var upp á regnvotar snittur sem þó brögðuðust dásamlega. Allt fór vel fram fyrir utan að ein kleinan sleit öxl og einn hundur týndist en annars þá var þetta bara svipað og venjulega!



Hrossaræktunarbúið
ÓLAFSHAGI
...á horninu

VATNSBORUN ehf.



Framsækið fyrirtæki á sviði jarðborana sem hefur verið starfandi í tæpa tvo áratugi.

Fyrirtækið er með fimm jarðbora í rekstri, sem sinna hinum ýmsu og fjölbreyttu verkefnum á sviði jarðborana um land allt.

- Seljabrekka, 271 Mosfellsbær
- 578 1200 / 618 4499
- info@vatnsborun.is



VATNSBORUN

VIÐGERÐIR Á MOSFELLSKIRKJU

Elísabet S. Ólafsdóttir, formaður Sóknarnefndar Lágafellskirkju



Viðgerðirnar eru umfangsmiklar og tímafrekar

FORSAGAN

Í desember 2023 skilaði Verkfræðistofan Efla skýrslu um ástand Mosfellskirkju. Í skýrslunni kemur fram að bæði við rakamælingar og sjónræna skoðun hafi komið í ljós umfangsmikil rakavandamál í húsinu. Alls voru tekin 11 sýni úr byggingarefnum og send í greiningu og þar af voru 10 sýni sem staðfestu að myglu- og/eða bakteríuvöxt væri að finna.

Fram kemur í skýrslunni að: „Til að tryggja góð loftgæði og bættu innivist í húsnæðinu er mikilvægt að stöðva strax rakaupptök og fjarlægja allt rakaskemmt byggingarefni. Mikilvægt er að fylgja ströngum verkferlum varðandi hreinsun á raka- og myglusvæðum. Til að stöðva rakaupptök og koma húsnæðinu í gott

ástand þarf að fara í eftirfarandi framkvæmdir í ákveðinni forgangsöröðun: Stöðva rakaupptök, fjarlægja allt rakaskemmt byggingarefni, endurnýja glugga, steinslípa steypu í gólfi og útvegg, gera við niðurgrafna útveggi/sökkul, einangra og koma fyrir takkadúk, dreina í kringum kirkjuna“.

Eins og fram kemur í skýrslunni voru þessar tillögur byggðar á rakamælingum og sjónrænni skoðun en þegar nánar var að gáð kom í ljós að kirkjan var í mun verra ástandi.

Framkvæmdir hófust haustið 2024 og fyrstu verkefnin voru að skipta um dren og skólplagnir og setja rotþró við kirkjuna.

VERKEFNI INNANDYRA Í KIRKJUNNI

Fyrsta verkefni innandyra var að laga gólfíð í kirkjunni. Þá kom í ljós að það var í mun verra ásigkomulagi heldur en vitað var. Gólfíð var ekki járnabundið, það var óeinangrað og mikið jarðsig undir gólfinu og þar reyndist vera mjög fjörugt músalíf.

Þessi verkþáttur reyndist því tímafrekari en áætlað var, moka þurfti upp úr gólfinu til að mögulegt væri að hefja vinnu við uppbygginu. Steypa plötu, koma fyrir gólfhita og einnig þurfti að lagfæra alla vegg inni þar sem los var á múr allan úthringinn. Gólfíð var síðan flotað og flísalagt.

Endurnýja þurfti ofnalagnir og neysluvatn sem og hluta raflagna.

Skrúðhús og snyrting var endurskipulagt og stjórnbúnaður loftskiptikerfis settur upp í kjallara. Mygluhreinsa þarf altari og predikunarstól og orgelið verður gert upp.

ENDURBÆTUR UTANDYRA

Þá var komið að vinnu við endurbætur utandyra, og þar tók ekki betra við, því allir útveggir voru stórskemmdir vegna eldri viðgerðar, þar sem skotnaglar höfðu verið notaðir sem ollu miklum frostskemmdum og leka inn í kirkjuna. Hreinsa þurfti alla nagla úr veggjunum og sprauta í götin og í öll plötuskil. Síðan var kirkjan einangruð og klædd með áli.

Endurnýja þurfti gler í gluggum og allt tréverk í kringum glugga var þurrísblásið til að auðvelda málningu.

Útihurðin hefur verið hreinsuð og þússuð og lítur út eins og ný.

TURNINN

Turninn var næsta verkefni og viðgerð á honum reyndist mesta áskorunin í þessu stóra og krefjandi verki, því turninn var nánast ónýtur og við megum þakka fyrir að hann var ekki fokin af kirkjunni.

Hífa þurfti turninn af kirkjunni til að geta gert við hann og það eitt krafðist mikils undirbúnings og fagmennsku í öllum skrefum. Ástandið á turninum var þannig að það eina sem stóð eftir og var nokkurn veginn í lagi var stálburðarvirkið, sem þó þurfti að laga vegna mikillar tæringar. Nánast allt timbur var fúið og ónýtt, mikil sprungumyndun í steypu undir turni sem var illa járnbundin og koparinn var laus.

Unnið er að enduruppbyggingu turnsins og miðar verkinu vel miðað við aðstæður.

VERKLOK

Viðgerð á kirkjunni hefur tekið lengri tíma en búist var við, þar sem ástand bæði innan dyra og utan var mun verra en nokkurn grunaði. Hér hefur verið stiklað á stóru um helstu verkþætti, en vonandi gefst tækifæri til að fara betur yfir þessa

viðmiklu framkvæmd síðar. Ekki liggur fyrir hvenær verkinu lýkur en von okkar er sú að nú sjái fyrir endan á ófyrirséðum skemmdum og verktakar geti einbeitt sér að uppbyggingu síðustu verkþátta.

Mosfellingurinn Einar Gunnarson hjá Arbor stýrir framkvæmdum.



JÓLAMARKAÐUR Á HRÍSBRÚ



Ingibjörg á vaktinni

Jólamarkaður var haldinn í fyrsta skipti á Hrísbú í byrjun desember og mega frumkvöðlar hans fá hrós fyrir skemmtilega viðbót í mannlífið í Dalnum. Dalalæðan sendi Elínborgu Ólafsdóttur fyrirspurn um framtíð og ekki lá á svarinu.

„Við Bára mágkona vorum að spjalla og ég kastaði fram hvort við ættum kannski að hafa jólamarkað og selja gæurnar hennar ... Þannig fór þetta af stað. Ég seldi heitt súkkulaði, vöflur og pylsur. Einnig seldi ég ullarteppi frá Ístex, kertastjaka frá Ingu Elínu og listaverk frá Grétu Gísladóttur. Bára seldi gærur og handprjón. Svava seldi handsaumaða poka. Birna, dóttir Báru, var með ýmis listaverk og Rósa Vigfúsdóttir var með handverk. Svo voru blóm úr Dalsgarði.

Hugmyndin var aðallega að ná fram jóla/sveitastemmingu. Við stefnum á að halda markaðinn aftur að ári liðnu“.



Elínborg, Bára og Svava

vfs.is

ALVÖRU GARÐVERKFÆRI!



SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ
Á VFS.IS



Milwaukee
M18 FUEL

**VERKFÆRA
SALAN**

MINNINGARGREINAR



FRJÁLS FRAMLÖG

Þeir sem vilja styrkja útgáfu Dalalæðunnar geta greitt inn á reikning félagsins

315-26-6411 Kennitala: 641198-2779

Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal

HILDUR EINARSDÓTTIR, LAUGABAKKA

f. 25.05. 1949 - d. 05.08. 2025

Hildur Einarasdóttir fæddist í Reykjavík 25. maí 1949. Hún lést á Landspítala 5. ágúst 2025. Foreldrar hennar voru Guðlaug Ágústa Valdimars, f. 1916, d. 2007 og Einar Pálsson, f. 1914, d. 1973. Bræður Hildar eru Valdimar Einarsson, f. 1940 d. 2008 og Einar Páll Einarsson, f. 1947. Eftirlifandi eiginmaður Hildar er Örn Kjærnested, rafvirkjameistari, f. 1948. Börn þeirra eru: Guðlaug Ágústa, f. 1968, Einar Páll, f. 1972 og Guðmundur Örn f. 1985

Ég vil minnast ömmu minnar, Hildar Einarasdóttur sem lést þann 5. ágúst síðastliðinn. Elsku amma mín var margþætt og fjölhæf kona. Minningar mínar af henni í barnæsku einkennast af henni á kafi í alls konar handavinnu, hvort sem það var að mála, prjóna, bródera, eða smíða. Hún naut þess líka að vinna í garðinum.

Amma var alltaf með eitthvað spennandi í höndunum og það nýttist ótrúlega vel þar sem við barnabörnin gátum alltaf fengið aðstoð við allt það skapandi sem við tókum upp á. Hún lagði sig alla fram við að ýta undir sköpunargleði okkar og hvatti okkur til að prófa allt milli himins og jarðar.

Húsið hennar ömmu var alltaf opið, og sem krakki vissi maður að það mætti alltaf kíkja í heimsókn og að það nýtti ég mér oft, enda stutt að fara. Margar af mínum bestu minningum tengjast samverustundum okkar ömmu.

Þegar ég var yngri endaði ég allar „ég elska þig, ég elska þig meira“ kveðjur á



orðunum „ég elska þig meira en húsið hennar Ömmu“. Missirinn er mikill.

Ég mun sérstaklega sakna símtalanna frá henni á afmælisdaginn, þegar hún söng fyrir mann eins hátt og hún gat. Amma var manneskja sem elskaði stórt, og sýndi það svo sannarlega. Ég mun ávallt vera þakklát fyrir allar dýrmætu stundirnar sem ég var svo heppin að fá með henni. Amma var litrík, og hún skilur svo sannarlega eftir sig skrautlega sögu og hennar verður sárt saknað. Hvíldu í friði elsku amma mín og takk fyrir allar ómetanlegu samverustundirnar.

Þín ömmustelpa, Kolfinna


HREINN ÓLAFSSON, HELGADAL

f. 17.07. 1934 - d. 13.03. 2025

Hreinn fæddist að Laugabóli í Mosfellsdal 17. júlí 1934. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ þann 13. mars sl. Foreldrar hans voru Ólafur Gunnlaugsson frá Meiri-Hattardal í Álftafirði f. 1904, d. 1966 og Ólafía Andrésdóttir frá Hríbrú f. 1912, d. 1974. Hreinn átti tvo yngri bræður Andrés f. 1938 og Erling f. 1942, garðyrkjubændur í Mosfellsdal, þeir eru báðir látnir. 1955 kvæntist hann Herdísí Gunnlaugsdóttur Holm f. 1935 og d. 2020. Þau voru gift í 65 ár. Börn þeirra eru Gunnlaugur Jón, Garðar og Jóhanna.

Hreinn ólst upp á Laugabóli og gekk í Brúarlandsskóla og síðan Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal. Hreinn og Herdís hófu búskap á Laugabóli en bjuggu í Krýsuvík árin 1956-1957 en þar var Hreinn bústjóri hjá Hafnarfjarðarbæ. Þaðan fluttu þau aftur að Laugabóli, en árið 1966 kaupa þau Helgadal og búa þar til ársins 2020 er þau fluttu í þjónustuíbúð á Eirhömrum í Mosfellsbæ. Í Helgadal leið þeim vel, þar var mjög gestkvæmt og margir sem komu í kaffi og spjall í eldhúsinu eða sólstofunni.

Hreinn var mjög virkur í félagsmálum. Hann var stofnfélagi í Hestamannafélaginu Herði, þá aðeins 15 ára. Hann er sá síðasti í þeim hóp sem kveður. Hann sat í stjórn félagsins og var formaður í mörg ár. Einnig var hann í Landsmótsnefnd og sinnti fleiri störfum fyrir hestamenn. Hann sat í stjórn Búnaðarsambands



Kjalnesinga í fjölda mörg ár og einnig í stjórn Búnaðarfélags Mosfellsveitar.

Hreinn kom að gerð fjölda kvikmynda þar sem hestar komu við sögu og lék í barnamyndinni „Fullkomin fákur“

Árið 1963 fór Hreinn akandi upp á Esju ásamt fleiri mönnum á þremur jeppum. Land Rover, Willis og Rússajappa. Með í för var Ásgeir Long kvikmynda-gerðarmaður sem festi ferðina á filmu.

Þegar við Sigga fluttum í Mosfellsdal fyrir tæpum 30 árum kom Hreinn í Helgadal fyrstur manna til okkar í heimsókn og bauð okkur velkomin í dalinn. Þarna

MINNING

JÓHANN SOPHUS DAHL CHRISTIANSEN, LAUGABÓLI

f. 06.03. 1955 - d. 19.09. 2025

Jóhann Sophus Dahl Christiansen fæddist við Laugarveginn í Reykjavík 6. mars 1955. Hann lést á líknardeild Landspítalans 19. september sl. Foreldrar hans eru Rólant Dahl Christiansen f. 1928, d. 2013 og Björg Árnadóttir f. 1930. Systur Jóhanns eru, Margrét Rosa Dahl-Christiansen f. 1952 og Arna Soffía Dal Christiansen f. 1957. Ekkja Jóhanns er Lilja Eiríksdóttir f. 31. ágúst 1956. Börn þeirra eru Rólant Dahl Christiansen f. 1979 og Tinna Dahl Christiansen f. 1981.

Jóhann lauk búfræðiprófi frá Hólum í Hjaltadal 1974, lauk námi við Iðnskólann í Reykjavík og sveinsprófi í vélvirkjun 1980, lauk prófi í rekstrartækni frá við Ingeniørhøjskolen í Odense 1987 og stundaði framhaldsnám í hagfræði við Handelshøjskolen í Århus 1988. Jóhann stundaði ýmis landbúnaðarstörf um skeið, stundaði síðan verslunar- og sölustörf hjá Olís til 1975, stundaði viðgerðir og nýsmíði hjá Stálvík, starfaði hjá Hulu hf. á Flúðum 1988-90, hjá O. Johnson og Kaaber 1990-1992 og ásamt öðrum stofnaði hann og starfaði hjá Hexa hf. frá 1992 þar til hann starfaði hjá Reykjavíkurborg í nokkur ár. Jóhann sat í stjórn Hulu hf., í stjórn Fylkis og var stjórnarmaður í Hexa hf.

Lengst af bjó Jóhann ásamt fjölskyldu sinni í Árbænum en árið 2015 fluttu þau hjónin í Laugaból Mosfellsdal þar sem þau ræktuðu jarðarber ásamt sumarblómum og voru með vagnageymslu fyrir ferðavagna.



Enginn gat sýnt jafn mikla ást án orða en afi minn. Hann myndi alltaf gefa allan sinn tíma, athygli og kærleika. Takk fyrir alla ástina og skemmtilegu minningarnar, eins og hestaturana, leikina og alla kennsluna. Hann kenndi mér svo margt sem ég mun aldrei gleyma. Svo lengi sem afi Jói sat við matarborðið var alltaf einhver a hlusta og hlæja. En það má ekki opna alla pakka fyrir Þorláks, eins og hann sagði svo oft, svo ég ætla að hafa þetta stutt og geyma rest í mínu hjarta. Hann var svo elskaður af öllum og elskaði jafn mikið, ef ekki meira til baka. Ég er heppnasta stelpa í heimi að hafa þig sem afa minn, þú ert mín fyrirmynd, þú ert mér allt. Ég elska þig afi minn. Ég myndi gera allt til að geta knúsað þig einu sinni enn og ég sakna þín meira en orð geta lýst. Ég elska þig afi.

Þín afastelpa, Steinunn Lilja

ÓMAR RUNÓLFSSON, LAUGABÓLI

f. 23.12. 1947 - d. 09.05. 2025

Ómar Runólfsson fæddist í Vestmannaeyjum 23. desember 1947. Hann lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi 9. maí 2025. Foreldrar hans voru Ingunn Svala Jónsdóttir frá Engey í Vestmannaeyjum, f. 1926, d. 1990, og Runólfur Dagbjartsson f. 1923, d. 2008. Systur hans eru Margrét, f. 1949, Dagmar Svala, f. 1952, d. 2018, og Kristín Helga, f. 1955. Ómar kynntist árið 1966 eftirlifandi eiginkonu sinni Auði Eiríksdóttur, f. 1950. Börn þeirra eru Una Björk, f. 1970, Ásdís, f. 1972. Hlynur, f. 1978, Lilja, f. 1978 og Kristín, f. 1980.

Ómar ólst upp í Reykjavík og gekk í Laugarnesskóla. Hann stundaði nám við Bændaskólann á Hvanneyri og lærði síðar múriðn við Iðnskólann í Reykjavík. Ómar starfaði við múriðn og verslunarstörf en árið 1989 hóf hann störf hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum, meðal annars við rannsóknir og sauðfjárveikivarnir, ferðaðist hann því víða um landið til að sinna eftirliti á sauðfjárbúum. Á Keldum starfaði hann til 67 ára aldurs þegar við tók garðrækt, fugla- og skordýraskoðun og ljósmyndun. Ómar hafði alla tíð brennandi áhuga á náttúrunni og viðfangsefnum hennar. Sýnir það sig helst í þeim mögnuðu ljósmyndum sem Ómar skilur eftir sig ásamt ævintýragarði þeirra Auðar að Laugabóli 2 í Mosfellsdal. Ómari fórst ræktun vel úr hendi hvort sem um var að ræða ræktun á kartöflum og öðrum matjurtum, garðplöntum, rósum, skraut-



fiskum, dúfum, hænsnum og hjálmskjóttum hestum.

Ómar var mikið fyrir söng- og kveðskap. Var hann um tíma í Kvæðamannafélaginu Iðunni. Síðastliðin ár söng hann með hljómsveitinni Vinum og vanda mönnum frá Vestmannaeyjum. Ómar var hafsjór af fróðleik um náttúruna, sem hann deildi áfram til barna sinna og barnabarna.

Æskuvinnur minn, öðlingurinn og fóstbróðir Ómar Runólfsson, var jarðsunginn 22. maí að viðstöddu fjölmenni, sem kom ekki á óvart því Ómar var hvers manns hugljúfi, náttúrubarn, sem menn og dýr löðuðust að. Ský dró fyrir sólu og veðurguðirnir skörtuðu hlýjum rigningarúða

frh. á bls. 22

MINNING

REYNIR HOLM, VÍÐI


f. 28.03. 1948 - d. 30.04. 2025

Reynir Holm fæddist í Reykjavík 28. mars 1948 og lést á Landspítalanum Fossvogi 30. apríl 2025. Foreldrar hans voru Jóhanna Jónsdóttir f. 1910, d. 1993, og Gunnlaugur Pétur Holm f. 1901, d. 1984. Reynir átti eldri systkini Herdís f. 1935, d. 2020, og Ásgeir f. 1941, d. 2021, og tvö eldri hálsystkini samfeðra, Hreiðar og Guðbjörgu. Kona Reynis var Bryndís Kristinsdóttir f. 1955, d. 2004, og eru börn þeirra þrjú: Bjarki f. 1979, Svava Dís f. 1985, og Ásdís f. 1993.

Reynir stundaði hestamennsku frá unga aldri, og varð hún rauði þráðurinn í lífi hans. Þau Bryndís stofnuðu ung heimili við Langholtsveg í Reykjavík, en fjölskyldan átti þó alltaf sterkar rætur í Mosfellsdalnum, á meðal vina og vandamanna, og fluttist þangað að Víði árið 1995. Reynir uni sér hvergi betur en heima á Víði, og bjó hann þar allt fram á síðasta dag.

Elsku pabbi, Það er erfitt að þurfa að kveðja þig þegar við áttum svo margt ógert saman. Það líður varla sá dagur að ég hugsi ekki að taka upp símann og heyra í þér hljóðið. Það samtal verður núna að biða síðari tíma.

Þegar ég lít til baka eru margar góðar minningar sem skjóta upp kollinum. Oft eru það frekar hversdagsleg atvik sem skera sig úr. Að sitja saman í Oddsbrekkum í sólinni og spjalla, miðja leið í einhverjum reiðtúrnum. Veturinn þegar húsið hreinlega fennti inni, og við þurftum



að grafa okkur inn að útidyrnum. Þegar ég var þrettán ára og þú leyfðir mér að keyra á Lada Sport jeppanum í fyrsta skipti.

Ég var ekki mjög gamall þegar ég fattaði hvað pabbi minn væri svakalega mikill töffari, og ég sætti mig fljótlega við að ég yrði aldrei sami harðnaglinn. Ég held samt að við höfum í raun verið líkari en við áttuðum okkur báðir á, þegar gægst var undir yfirborðið. Það varð okkur öllum mikið áfall þegar mamma féll frá, langt fyrir aldur fram. Þú misstir ekki bara konuna þína, heldur tapaðirðu hreinlega lífsgleðinni, eins og þú sagðir mér einu sinni. Það tók tíma, en þú fannst samt gleðina á ný, ekki síst þegar barnabörnin bættust í hópinn. Allir krakkarnir

frh. á bls. 23

frh. Hreinn Ólafsson

hófst vinátta með honum og Dísu sem stóð til æviloka þeirra beggja.

Hreinn var alltaf boðinn og búinn að leggja okkur lið og við áttum margar góðar stundir í hesthúsinu hjá honum eða í eldhúsinu hjá þeim hjónum, þar sem menn og málefni voru tekin fyrir, mjög oft tengd hestamennsku. Hreinn var nefnilega einn þeirra sem lögðu sitt lóð á vogarskálarnar til að hefja íslenska hestinn til þeirrar virðingar sem hann á skilið. Hann var einn stofnfélaga hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ fyrir 75 árum, aðeins 15 ára gamall. Hann vissi því fljótt hvert lífsleið hans lá. Við tók áratuga starf í félagsstarfi og hestamennsku, keppni og útreiðum. Hestakosturinn var góður og áhugi hans og metnaður smitaðist yfir á borgarbörnin sem höfðu hreiðrað um sig í sveitinni.

Nú er komið að leiðarlokum hjá Hreini í þessum heimi og vonandi hefur hann hitt Dísu sína aftur. Við þökkum samfylgdina og hin góðu kynni við Hrein og Dísu og vottum fjölskyldu þeirra alla okkar samúð.

Rafn Jónsson

frh. Ómar Runólfsson

sem blandaðist tárur, þegar kirkjugestir gengu út eftir einstaklega persónulega útför þar sem Auður, ekkja Ómars, flutti ljóð í þýðingu sinni og tónlistarfólk, sem hann hafði tengst og sungið með, flutti tónlist hans anda

Guð og allar góðar vættir blessi fallega minningu dáðadrengs, sem ég trúi að eigi sér framhaldslíf með öllu því góða og fallega sem hann tengdist og hefur kvatt þessa jarðvist. Ómar ræktaði garðinn sinn, í allri merkingu þess orðs, afalúð og allt varð fallett í höndunum á honum, jafnvel ógeðfellt skordýr sem hann ljósmyndaði af listrænu innsæi og þekkingu. Hann fangaði fegurð í ljósmyndum sínum, svo eftir því var tekið. Ég veit að missir ástvinanna er mikill og votta Auði, börnum Ómars, barnabörnum, fjölskyldu og vinum einlæga samúð.

Þuríður Sigurðardóttir (Þura)

frh. Reynir Holm


dýrkuðu afa Reyni, og elskuðu að koma í heimsókn upp í Dal. Þar var mikið verið að vinna með grunnfæðuflokkana þrjá: kókomjólk, rjómaís og Cocoa Puffs, og allir undir fermingu bara mjög sáttir. Þar voru líka ævintýri á hverju strái: veiða í ánni, gefa hestum og kindum, eða busla í bleiku sundlauginni. Það var eiginlega mjög fátt sem ekki mátti gera heima á Víði, og svarið við hverri spurningu var yfirleitt já.

Veikindin lögðu margan stein í götu þína síðustu árin, og það var sérstaklega sárt að þú fékkst aldrei að njóta eftirlauna-áranna eins og þig hafði dreymt um. Við ræddum það aldrei, en það hefur verið þér þungt að þurfa að gefa hestamennskuna upp á bátinn, eftir nærri 60 ár. En þú fannst þér alltaf eitthvað annað verkefni, og í raun fjölgaði húsdýrum á Víði eftir því sem árin liðu. Og þótt síðustu mánuðirnir hafi verið erfiðir þá vildirðu samt alltaf halda í hefðirnar. Jafnvel undir það síðasta bauðstu fjölskyldunni heim á Víði í hangikjöt, uppstúf og kartöflur, sem var þinn standard sunnudagsmatur — og þá skipti engu hvort væri vetur eða vor.

Þú varst alltaf staðráðinn að búa heima fram á síðasta dag, á þeim stað sem þú elskaðir mest, og það fór svo að lokum. Núna færðu loksins hvíldina sem þú ert búinn að bíða eftir.

Góða ferð pabbi minn. Ég veit að mamma tekur vel á móti þér.

Bjarki



ÁTTU LJÓSMYND?

Þín ljósmynd gæti birtst í næstu Dalalæðu. Sendið myndina í góðum gæðum, nafn ljósmyndara og hvar myndin er tekin á vigholl@mosfellsdalur.is

Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal

VÍGHÓLL

Greiðsluseðlar fyrir félagsgjald í íbúasamtökin Víghól hafa verið send út í heimabanka til allra íbúa Mosfellsdals 18 ára og eldri. Greiðsla jafngildir skráningu í félagið og þar með rétti til atkvæðagreiðslu á aðalfundi sem er auglýstur á forsiðu. Um valgreiðslu er að ræða.

Víghóll, samtök íbúa í Mosfellsdal

BALINN, ÚTIVISTARSVÆÐI DALBÚA

Víghóll

Andrés á Hrísbú sá um fyrsta vorverkið í Balanum en það var að tæta og sá fyrir nýju grasi. Ungmenninn í Dalnum héldu útihátíð í byrjun júní og auðvitað var þar allt til fyrirmyndar. Þrónakvöld voru haldin í Reykjadal sl. vetur en þau lágu í dvala í sumar fyrir utan eitt kvöld. Sent var út boð og mætti fólk í Balann eina kvöldstund í góðu veðri með nesti og þrjóna. Þetta var frábær stund sem vonandi verður endurtekin næsta sumar.

Þeir Snorri í Kýrgili og Mundi, sem eitt sinn var kenndur við Skuld, reistu fána-stöng í byrjun ágúst. Fáni var í fyrsta sinn dreginn þar að húni þegar haldið var grillkvöld í tilefni af bæjarhátíð Mosfells-

bæjar. Þetta var hinn bleiki einkennis-fáni sem Dalurinn fær úthlutað í tilefni af hátíðinni. Dalbúar mættu með drykki og mat, skelltu á grillin og áttu mjög góða stund, þar til brast á með úrhellis rigningu. Íslenski fáninn var svo dreginn að húni í fyrsta sinn í Balanum á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2025.

Byrjað er að reisa gerði fyrir hesta fyrir utan Balann. Fólk er beðið um að fara hvorki með hesta sína né bíla inná sjálft svæðið því grasið er mjög viðkvæmt og spænist auðveldlega upp.

Vonandi getum við skapað þarna góðar minningar á komandi árum.



Flaggað í Balanum á Degi íslenskrar tungu

V

BALINN 29. ÁGÚST

Ljós. Júlí Einarsdóttir og Víghóll



Rakel og Helena að sauma veifur

V



Bleika hverfið

V



Dalbúar vita að tré veita vörn gegn regni

JE



Þeir eru margir dugnaðarforkarnir í Dalnum

JE



Elliot, Alisdair og Hafðís mættu með regnhlíf

JE




Bugtað og beygt sig

V

BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI






VERKSTÆÐIÐ

www.verkstaedid.is

TJALDSTÆÐI



MOSSKÓGAR
S. 663 6173

SS *Gíslason*

VIÐGERÐIR EHF.

Völuteigi 25

587 2060



Fasteignasala
Mosfellsbæjar

FASTMOS.IS

586-8080

Gandur ehf.

Öll almenn járnsmíði

og vélaviðgerðir

Sími 696 8523

DÝRALÆKNIRINN
Mosfellsbæ

Urðarholti 2
270 Mosfellsbæ

Sími 566 5066 | 660 0633

Opið: 9 - 18 alla virka daga

Neyðarvakt dýraspítala höfðuborgarsvæðisins opin allan sólarhringinn
530 4888



GK
VIÐGERÐIR

566 6257

Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

Íslenskur kalkúnn

gæði í yfir 60 ár



Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og
eldunarleiðbeiningar á
kalkunn.is



BRAKANDI FERSKT SALAT



Í fararbroddi í salatframleiðslu!



Lambhagi hefur um árabil verið í fararbroddi í salatframleiðslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur verið framsækið í því að tileinka sér bestu mögulega tækni til þess að rækta hágaða vöru við bestu aðstæður. Engin eitrefni eru notuð við framleiðslu Lambhagasalats. Framleiðslan fer fram á yfir 5.000 fermetrum allan ársins hring við skýrðil sem tryggja hámarksgæði.